

1

Bráðabirgðaákvæði.

12. jan.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutaþækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvisitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu visitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar þækkunar.

Gjört að Bessastöðum, 12. janúar 1952.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

2

AUGLÝSING

17. jan.

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Hinn 18. desember 1951 gekk í gildi eftirfarandi breyting á stofnskrá Evrópuráðsins:

26. gr. orðist þannig:

Þátttökuríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Belgía	7
Danmörk	5
Frakkland	18
Sambandslýðveldið Þýskaland	18
Grikkland	7
Ísland	3
Írland	4
Ítalía	18
Luxemburg	3
Holland	7
Noregur	5
Saar	3
Svíþjóð	6
Tyrkland	10
Stóra Bretland	18

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 17. janúar 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.